

Íslandsmeistaramótið í Loftskammbýssu var haldið í Egilshöllinni í dag. Ívar Ragnarsson úr SFK sigraði í karlaflokki með 232,2 stig (553), Rúnar Helgi Sigmarsson úr SKS varð annar með 224,6 stig (534) og þriðji varð Jón Þór Sigurðsson úr SFK með 204,9 stig (550). Í kvennaflokki sigraði Jórunn Harðardóttir úr SR með 215,1 stig (551), Aðalheiður Lára Guðmundsdóttir úr SSS varð önnur með 212,2 stig (516) og í þriðja sæti varð Elísabet Xiang Sveinbjörnsdóttir úr SR með 195,6 stig (493) en hún varð jafnframt Íslandsmeistari stúlkna. Íslandsmeistari drengja varð Adam Ingi Höybye Franksson. Í liðakeppni karla varð A-sveit Skotfélags Kópavogs(SFK) Íslandsmeistari, sveit Skotfélagsins Skyttur (SKS) varð í öðru sæti og Sveit Skotdeildar Keflavíkur (SK) hlaut bronsið. Í liðakeppni kvenna sigraði sveit Skotfélags Reykjavíkur (SR) og sveit Skotfélagsins Skyttur (SKS) varð í öðru sæti.

Nánari úrslit má finna á [úrslitasíðu STÍ](#). 

E [itthvað af myndum eru svo hérna](#)

Íslandsmeistarar í flokkum voru ennfemur krýndir:

Íslandsmeistarar 2024	
Karlaflokk	Ívar Ragnarsson
Kvennaflokk	Jórunn Harðardóttir
Drengir	Adam Ingi Höybye Franksson
Stúlkur	Elísabet Xiang Sveinbjörnsdóttir
Meistarafl.karla	Ívar Ragnarsson
1.fl.karla	Jón Þór Sigurðsson
2.fl.karla	Magnús Ragnarsson
3.fl.karla	Rúnar Helgi Sigmarsson
0.fl.karla	Vignir Þór Sigurjónsson
Meistarafl.kvenna	Jórunn Harðardóttir
1.fl.kvenna	Aðalheiður L. Guðmundsdóttir
0.fl.kvenna	Guðbjörg Viðja Antonsdóttir
Lið karla	Skotíþróttafélag Kópavogs
Lið kvenna	Skotfélag Reykjavík